



380. fundur Þingvallanefndar

Fundur haldinn á nefndasviði Alþingis þann 15. júní 2011. Mættir voru Álfheiður Ingadóttir, Sigurður I. Jóhannsson, Valgerður Bjarnadóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Ragheiður E. Árnadóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Ólafur Örn Haraldsson og Hrefna Jónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Hjörleifur Stefánsson arkitekt mætir vegna 1. dagskrárliðar. Árni Geirsson hjá Alta og Gunnar Kvaran hjá Athygli mættu vegna 2. dagskrárliðar.

Þetta gerðist:

1. Jarðfall í Almannagjá, frágangur og framkvæmdir.

Hjörleifur Stefánsson skoðaði jarðfallið í Kárastaðastíg þann 19. maí 2011 með Ólafi Erni, Jóni Gestssyni, Framkvæmdasýslu ríkisins, Einari Á. E. Sæmundsen, Erni Jóhannssyni, Stálprýði, og Kolbeini Sveinbjörnssyni.

Hjörleifur aflaði ganga um Kárastaðastíg og rifjaði upp að fyrstu vegabætur um Almannagjá fóru fram um 1830 og héldu í raun áfram allt til 1907 þegar stígurinn var lagður í núverandi mynd fyrir komu Friðriks V. konungs. Sú framkvæmd var harðlega gagnrýnd þar sem menn töldu að vegurinn hefði verið lagður yfir merkar fornleifar, þ.á m. rústir tengdar alþingi hinu forna.

Tillaga Hjörleifs er eftirfarandi:

- 1) Fjarlægja allt grjót og mól sem hættu er á að falli niður í nýja gjána ásamt ofaníbúrdi sem borinn hefur verið á stíginn. Tilgangurinn er að athuga hvernig sprungan liggur undir núverandi Kárastaðastíg.
- 2) Til hliðar við sprunguna verði gerð gangbraut eða göngubrú úr timbri og stáli, þar sem vestari gjáveggurinn verður á aðra hlið en nýja gjáin á hina. Þeim megin verður traust handrið í svipuðum stíl og á Hakinu. Göngubrúin verður að mestu til hliðar við nýju gjána en skagar ef til vill á köflum fram yfir hana. Til álita kemur að setja upp raflýsingu djúpt í gjánni þannig að gestir geti kveikt þar ljós og séð þeim mun dýpra niður.
- 3) Sem allra fyrst verði komið fyrir sýningarþjöldum með teikningum og skýringum um nýju gjána. Þar verður sagt frá hvernig og hvenær hún kom í ljós.

Líklegt er að gjáin undir útsýnispallinum á Hakinu sé sama gjáin og opnaðist í Kárastaðastíg og ef vitað hefði verið af gjánni hefði varla verið leyft að keyra yfir hana og niður Almannagjá. Á síðasta fundi ÞVN var tekin ákvörðun um það að planið yrði endurnýjað fyrir gangandi vegfarendur en ekki akstur, og lokað verði fyrir bílaumferð um Almannagjá, einnig neyðar- og sjúkrabíla. Ljóst er að hugmynd Hjörleifs þarf að móta/breyta eftir því sem aðstæður koma betur í ljós, m.a. eftir því hversu djúp gjáin er, og hvort eða í hvaða mæli fjarlægja eigi fyllingu í botni hennar. Ljóst er einnig að ef það reynist rétt að fornleifar séu

undir veginum sem lagður var á sínum tíma, kemur til kasta Fornleifaverndar ríkisins að ákveða um framhaldið.

Nefndarmenn voru sammála um að hugmynd Hjörleifs sé góð en telja ekki unnt að taka ákvörðun um framhaldið að svo stöddu. Nauðsynlegt sé að fara betur yfir kostnaðaráætlanir og bera saman þær tvær leiðir sem nú eru til umræðu í nefndinni, s.s. áðurnefnda tillögu Hjörleifs Stefánssonar um göngubrú yfir eða við nýju gjána og tillögu um að setja göngufæra rist yfir upplýsta gjána, þannig að sjá megi niður í hana.

Ekki hættulegt að ganga um gjána, öryggisgirðing stúkar jarðfallið af. Hins vegar er jarðfallið á þrengsta staðnum í Almannagjá.

ÞVN samþykkir að hafa jarðfallið stúkað af með öryggisgirðingu fram á haustið og felur þjóðgarðsverði að skoða málið nánar með tilliti til kostnaðar og fýsileika, m.a. með Framkvæmdasýslunni og Vegagerðinni. Strax verði sett upp kynningarskilti. Ákvörðun til frambúðar verði tekin á ágústfundi ÞVN en þá verður mesti ferðamannastraumurinn búinn og unnt að hefja framkvæmdir.

BGS fer af fundi 15.00.

REÁ fer af fundi 15.25.

2. Hugmyndaleit. Kynning og framkvæmdir. Vefur og gögn.

Árni Geirsson arkitekt hjá Alta kynnti stöðu mála. Dómnefnd hefur lokið undirbúningi og lagt lokahönd á upplegg hugmyndaleitarinnar. Vefur þar sem hugmyndaleitinni er lýst, er að mestu tilbúinn. Gert er ráð fyrir kynningu á blaðamannafundi 21. júní n.k. og skilafrestur verður til 22. ágúst 2011.

Forseti Alþingis og skrifstofustjóri Alþingis hafa samþykkt að þingverðir í Skála taki á mótí þeim tillögum sem lagðar verða fram.

Þingvallanefnd leitar til þjóðarinnar í von um fjölbreyttar og gagnlegar hugmyndir sem taka tillit til sérstöðu þjóðgarðsins. Í stefnumörkun þjóðgarðsins er meginmarkmið að vernda náttúru, söguvið og minjar í þjóðgarðinum til framtíðar, en búa jafnframt í haginn fyrir gestakomur sem fjölgar jafnt og þétt. Ennfremur er lögð áhersla á fræðslu um sögu og náttúru og samspil verndunar og nýtingar. Rétt er að vekja athygli á því að auk verndunarsjónarmiða geta ýmsir þættir takmarkað þjónustu og mannvirki á viðkvæmum svæðum, t.d. aðveita og fráveita, mengunarhætta og umferð.

Veittar verða fimm viðurkenningar fyrir hugmyndir sem eru áhugaverðar og vel unnar að mati dómnefndar. Höfundar tillagna halda höfundarrétti sínum á innsendum hugmyndum eftir almennun reglum, óháð því hvaða brautargengi hugmyndirnar fá. Þjóðgarðurinn áskilur sér rétt til að sýna allar tillögur sem berast og mun höfundar verða getið þegar þær verða sýndar almenningi.

Gunnar Kvaran kynnti drög að fréttatilkynningu.

Blaðamannafundur verður haldinn í Alþingishúsinu næstkomandi þriðjudag, þann 21. júní. Á fundinum verða Ragna Árnadóttir formaður dómnefndar, formaður ÞVN og þjóðgarðsvörður.

Fleira ekki gert og fundi slitið.
